

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga

1. fundur þriðjudaginn 27. nóvember 2018 kl. 9

Nefndasvið Alþingis

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Ástríður Jóhannesdóttir (ÁJ), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP). Einnig sátu fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG).

Fundargerð: Laufey Helga Guðmundsdóttir.

1. Verkefni starfshópsins kynnt.

Fundarmenn kynna sig og ljósmynd tekin af hópnum. Erindisbréf starfshópsins kynnt. Verkefnið er að fara yfir tillögur vinnuhóps um endurskoðun kosningalaga frá 2016 en jafnhliða kanna kosti þess að setja heildarlöggjöf um framkvæmd allra almennra kosninga. Eftir því sem tími og aðstæður leyfa á að skoða kosti rafrænnar kjörskrár. Starfshópnum ber að skila tillögum sínum í formi lagafrumvarps fyrir 1. desember 2019.

2. Bréf starfshóps til forsætisráðuneytis vegna endurskoðunar stjórnarskrár.

Drög að bréfi dreift. Bent á að bæta ætti í bréfið athugasemd um kjördag forsetakosninga sem er í lok júní en sú tímasetning er óheppileg í ljósi þjóðfélagsaðstæðna. Heppilegra væri að kjósa í lok maí líkt og tíðkast í sveitarstjórnarkosningum. Ákveðið að bæta þessu atriði við 4. tölulið bréfsins. Engar aðrar athugasemdir koma fram. Ákveðið að bréfið verði sent forsætisráðuneytinu.

3. Tillögur vinnuhóps frá 2016 kynntar.

Tillögur vinnuhóps um endurskoðun kosningalaga frá 2016 kynntar ásamt þeim atriðum sem gerst hafa eftir að vinnuhópurinn lauk störfum og líta þarf til í þessari vinnu.

Búið er að taka saman drög þar sem breytingar frumvarps sem lagt var fram í september 2016 hafa verið felldar inn í kosningalög og verður það sent hópnum. Einnig mun hópnum fá send atriði sem vakið hafa upp spurningar í síðustu kosningum sem dómsmálaráðuneyti hefur haldið utan um. Einnig bent á að það sé starfshópur að störfum í forsætisráðuneyti um endurskoðun laga um fjármál stjórnálagasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Rætt um þau atriði sem starfshópur þarf að líta til; m.a. andlát frambjóðanda eftir auglýsingu framboðslista, hæfi kjörstjórnarmanna, skipun og setningu varamanna í yfirkjörstjórnir þegar aðalmaður er vanhæfur og ekki eru lengur til staðar varamenn.

4. Skipulag vinnunnar framundan.

Farið yfir skipulag vinnunnar framundan og fasa hennar. Nefndarmenn sammála um að æskilegt sé að líta til heildarlöggjafar um kosningar til Alþingis, sveitarstjórna, forsetakjörs og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna í samræmi við norska og finnska löggjöf.

Farið yfir drög að fréttatilkynningu um að starfshópurinn hefur hafið störf. Verið er að vinna að vefsvæði fyrir hópinn. Samþykkt að birta fundargerðir á netinu sem og þær umsagnir sem

starfshópnum berast á vefsvæðinu (en þetta þurfi að taka fram í umsagnarbeiðnum og á vefsvæði).

Ákveðið að reglulegir fundartímar starfshóps verði þriðjudaga kl. 9 á hálfsmánaðarfresti. Næsti fundur 18. desember kl. 9 og síðan 8. janúar 2019.

Fundi slitið 10.35.